

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs 15. janúar 2025:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun fyrirhugaðra uppbyggingu vestan við Smyrilshlíð

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld og meirihlutinn í Reykjavíkurborg endurskoði fyrirhugaða uppbyggingu fimm hæða húss á svonefndum I reit vestan við Smyrilshlíð.

Greinargerð

Fram hefur komið í fréttum að fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa haft í engu athugasemdir íbúa í Hlíðarendahverfi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar m.t.t. uppbyggingu fimm hæða húss á svonefndum I-reit. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir í mars. Þessi uppbygging gengur þvert á fyrra skipulag sem kynnt var íbúum á sínum tíma. Engin gögn liggja fyrir um skuggavarp í þeim skipulagsbreytingum sem boðaðar eru. Áður hafði verið kynnt að I-reitur yrði grænt og opið svæði. Ekkert var minnst á byggingar á I-reit í kynningarbæklingi Reykjavíkurborgar um uppbyggingu íbúða í borginni í nóvember 2019. Breytingin er að öllu leyti í mótsögn við þá fyrirætlan borgarinn að Hlíðarendi sé grænt og vistvænt svæði. Á sumrin sé sólargangur á I-reit frá morgni til kvölds ólíkt inngörðum hverfisins. Uppbyggingin mun þannig hafa afar slæma áhrif á birtuskilyrði í nálægum íbúðum við Smyrilshlíð og Haukahlíð. Birtuskilyrði yrði þar með öllu ófullnægjandi. Fulltrúi flokks fólksins leggur til skipulagsyfirvöld leggist aftur yfir málið og vinni það í samráði við íbúana. Engar framkvæmdir eru ennþá hafnar á reit I og því enn hægt að koma í veg fyrir skipulagsslys. Með því að staldra við, viðurkenna mistök sem enn eru ekki óafturkræf má ætla að skipulagsyfirvöld hafi lært eitthvað af skipulags slysinu í Álfabakka 2a, vöruskemmu sem byrgir alfarið útsýni frá þeim blokkaríbúðum sem að henni snúa.